

170. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fjarfundur í Teams haldinn miðvikudaginn

11. október 2021 kl. 16.00

Mættir voru:

Nefndarmenn:

Karitas Jónsdóttir (KJ)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Steinunn I. Magnúsdóttir (SIM)
Silja Eyrún Steingrímsdóttir (SES)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)
Trausti Gylfason (TG)
Auður Kjartansdóttir (AK)

Starfsmenn HeV: Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri og Árni Gunnarsson, heilbrigðisfulltrúi.

Dagskrá

1. Fjárhagsáætlun 2022

Fjárhagsáætlun 2022 samþykkt. Framkvæmdastjóra og formanni falið að lagfæra skjalið í samræmi við umræður á fundinum.

2. Gjaldskrá 2022 lögð fram ásamt útreikningi á tímagjaldi

Gjaldskrá 2022 samþykkt. Framkvæmdastjóra og formanni falið að lagfæra skjölin í samræmi við umræður á fundinum.

3. Reglugerð um sameiningu annars vegar heilbrigðiseftirlits Mosfellsbæjar og Seltjarnarnesbæjar við Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæði og hins vegar sameiningu heilbrigðiseftirlits Kjósarhrepps við Vesturlandssvæði lögð fram. Kynnt að reglugerðin hefur tekið gildi og sameining skal fara fram í síðasta lagi 1. janúar 2022. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

Fundi slitið kl: 17:33